



Skýrsla stjórnar til hluthafa Skeljungs hf.

Lagt fram á aðalfundi félagsins
þann 26. mars 2019

Framkvæmd starfskjarastefnu 2018

1. Launakostnaður vegna stjórnenda lækkar

Stjórn Skeljungs tók haustið 2017 ákvörðun um viðamiklar breytingar á skipulagi félagsins með það að markmiði að samþætta rekstur Skeljungs og Magns betur og lækka stjórnunarkostnað. Þær breytingar skila sér árið 2018 í umtalsvert lægri kostnaði vegna stjórnar og framkvæmdastjóra. Á árinu 2018 lækkaði heildarkostnaður vegna starfskjara lykilstjórnenda hjá Skeljungum um 32,2% frá fyrra ári og nam alls 283 m.kr. Laun hvers og eins breyttust hins vegar í takt við starfskjarastefnu félagsins, með hóflegum grunnlaunahækkunum en kaupaukar vegna rekstrarárangurs hækkuðu nokkuð milli ára. Félagið er því vel samkeppnishæft hvað varðar starfskjör og að fullu fært um að laða að sér og halda í eftirsóknarverða stjórnendur, þótt heildarkostnaðurinn hafi lækkað umtalsvert.



Starfskjaranefnd Skeljungs telur að vel ígrundað kaupaukakerfi geti verið hagkvæmur kostur fyrir hluthafa, þar sem hagsmunir þeirra fara vel með hagsmunum lykilstjórnenda sem fá kaupauka í hlutfalli við árangur félagsins umfram markmið hvers árs.

2. Kaupaukakerfi Skeljungs

Grunnurinn að núverandi kaupaukakerfi félagsins var lagður árið 2015. Þá var innleitt kaupaukakerfi fyrir framkvæmdastjórn Skeljungs á Íslandi sem byggði á þeirri grundvallarhugsun að stjórnendur fengju 17% hlutdeild (hlutdeild átti síðar eftir að minnka) í þeim fjárhagslega árangri sem færi umfram áætlanir eigenda félagsins. Kerfið var sett til þriggja ára þ.e. fyrir árin 2015 til 2017 og var stórum hluta af bónusgreiðslum frestað til enda tímabilsins sem gert var upp í febrúar 2018. Frestaðar kaupaukagreiðslur voru lagðar í sérstakan pott og ávaxtaðist sá pottur í samræmi við hlutabréfagengi félagsins á markaði.

Í Færeyjum var í gildi bónuskerfi fyrir árið 2017 fyrir framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sem miðaðist við EBITDA niðurstöðu félagsins umfram tiltekna áætlun. Danskar krónur eru starfrækslugjaldmiðill Magns, dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, en meðalgengi DKK/ISK hækkaði um 5,8% milli 2017 og 2018 og hefur því áhrif til hækkunar á launum í Færeyjum sem því nemur milli ára. Þá voru einnig í gildi kaupréttarsamningar fyrir lykilstjórnendur í Færeyjum sem fjallað var um í kafla 1.3.9 í skráningarlýsingu félagsins. Eftir nýtingu kaupréttarins árið 2017 var fjárhæðin í samþykktunum færð niður til samræmis.

Kaupaukakerfi Skeljungs var endurskoðað árið 2017 og kynnt á aðalfundi, bæði árið 2017 og 2018. Það var sameinað í eitt og tekur því við af fyrri kaupaukakerfum á Íslandi og í Færeyjum frá 1. janúar 2018 og gildir úr árið 2022. Hlutdeild stjórnenda í hagnaði umfram EBITDA markmið er nú 12% og er hámarksgreiðsla til forstjóra Skeljungs áttföld mánaðarlaun. Hámarksgreiðsla til annarra stjórnenda sem eru þátttakendur í kaupaukakerfinu er sexföld mánaðarlaun. Tveir þriðju hlutar kaupauka eru greiddir út en þriðjungur er geymdur og ávaxtaður í samræmi við gengi félagsins í þrjú ár.

Árangursviðmið voru ákveðin fyrirfram. Mælikvarðinn sem lagður var til grundvallar árangri kallast raunhagnaður og var skilgreindur sem rekstrarhagnaður (EBIT) að frádregnum 12% fjármagnskostnaði af bundnu fjármagni í rekstrinum. Við útreikning kaupaukagreiðslna var einnig litið til annarra atriða, s.s. frammistöðumats hvers og eins stjórnanda.

3. Laun og hlunnindi forstjóra, framkvæmdastjóra, stjórnar og formanns endurskoðunarnefndar.

Samhliða ársuppgjöri hefur Skeljungur gert grein fyrir kjörum einstakra stjórnenda, þ.m.t. launum, áunnum eftirlaunagreiðslum, öðrum greiðslum og fríðindum og breytingu á kjörum milli ára. Þrátt fyrir reglur Kauphallarinnar þar um virðist Skeljungur vera eina félagið sem það hefur gert, allt frá skráningu þess á markað árið 2016. Kauphöllin hefur hins vegar nú horfið frá þeirri kröfu að laun einstakra stjórnenda væru sundurgreind, þar sem þarfir markaðarins hvað þetta varðar þykja ekki hafa meira vægi en meginreglan um friðhelgi einkalífs. Í lögum um ársreikninga er jafnframt einungis gerð krafa um að laun stjórnenda séu birt sem ein heild. Í ljósi framangreinds hefur starfskjaranefnd Skeljungs tekið þá ákvörðun að birta laun stjórnenda í samtölu. Laun forstjóra verða sem áður sérgreind.

Reiknaður bónus vegna ársins 2017 var 82m.kr. Þrjú stjórnendur létu af störfum á árinu 2017 og voru laun þeirra gjaldfærð að fullu á því ári. Í útlistun hér að neðan er miðað við, að gert hafi verið upp við þá stjórnendur að fullu á árinu 2017. Á árinu 2018 var gert upp að fullu kaupaukerfið frá árunum 2015-2017. Greiðslur vegna þess námu samtals 88 m.kr. en 16 m.kr. var frestað, en skv. kaupaukakerfinu var lokagreiðslum umfram 5 mánaðarlaun að helmingi frestað inn í nýtt kerfi.

Árið 2017 tók Hendrik Egholm við stöðu forstjóra hjá Skeljungi hf. og gerður var starfslokasamningur við Valgeir M. Baldursson. Árið 2018 hækkuðu greiðslur vegna launa, hlunninda og kaupauka Hendriks Egholm um 2% frá fyrra ári og námu samtals 56,5 m.kr. Þar af voru greidd laun 44,6 m.kr., hlunnindi 2,1 m.kr. og árangurstengdur kaupauki 9,8 m.kr. Þess má geta að ráðningasamningur Hendriks er í DKK hafa sveiflur í gengi ISK/DKK áhrif á greiðslur til hans í ISK.

Framkvæmdarstjórar hjá samstæðunni voru átta á árinu 2017 en sex á árinu 2018. Árið 2018 lækkuðu greiðslur vegna launa, hlunninda og kaupauka framkvæmdarstjóra um 12,8% frá fyrra ári og námu samtals 226,8 m.kr. Þar af voru greidd laun 136,9 m.kr., hlunnindi 11,3 m.kr. og kaupauki 78,6 m.kr.

Breyting var gerð á stjórnnum Skeljungs hf. og Magns P/F árið 2018, þegar aukin verkefni voru færð á stjórnarborð Skeljungs. Launakostnaður stjórnar hækkaði hjá Skeljungi en lækkaði hjá Magn. Samanlagður stjórnarkostnaður innan samstæðunnar lækkaði um 5%.

Greiðslur til stjórnarmanna, formanns endurskoðunarnefndar og nefndarmanna, formanns starfskjaranefndar og nefndarmanna og nefndarmanna tilnefningarnefndar hjá Skeljungi og Magni skiptust þannig á árunum 2017 og 2018.

Nafn	2017	2018	Skýring
Jón Diðrik Jónsson	8.148.000	8.216.000	Formaður stjórnar og nefndarmaður í starfskjaranefnd.
Birna Ósk Einarsdóttir	4.538.000	5.600.000	Varaformaður stjórnar og formaður starfskjaranefndar
Jens. M Rasmussen	9.264.000	8.642.000	Meðstjórnandi, nefndarmaður í tilnefningarnefnda og endurskoðunarnefnd.
Trausti Jónsson	6.188.000	1.131.000	Hætti í stjórn í mars
Gunn Ellefsen	4.686.000	4.029.000	Meðstjórnandi
Helena Hilmarsdóttir	1.200.000	1.200.000	Formaður endurskoðunarnefndar
Baldur Már Helgason	0	3.572.000	Kjörinn í stjórn í mars 2108. Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd

4. Tillaga fyrir aðalfund 2019

Samkvæmt venju og ákvæðum í starfsreglum stjórnar hefur starfskjaranefnd félagsins rýnt starfskjarastefnuna í aðdraganda aðalfundar 2019. Liður í þeirri vinnu var yfirferð á bókun Gildis - lífeyrissjóðs frá aðalfundi 2018 um kaupaukakerfi og starfskjarastefnu félagsins. Að vel athuguðu máli var ákveðið að leggja til við aðalfund óbreytta starfskjarastefnu á árinu 2019, en draga frekar fram lykiltríði í kaupaukakerfi fyrir stjórnendur Skeljungs í skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu auk þess var ákveðið að taka upp sundurliðun á launum stjórnenda þar sem hlunnindi og kaupaukar verða sérstaklega tilgreindir. Það er og mat starfskjaranefndar og stjórnar Skeljungs að stefnan sé bæði til hagsbótar fyrir hluthafa og lykilstjórnendur. Hún hafi gert félaginu kleift að lækka stjórnunarkostnað, án þess að draga úr möguleikum félagsins í samkeppninni um hæfa stjórnendur.